

Nd.

592. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á fundum landbúnaðarnefndar hefur frv. þetta verið rætt og sent til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Umsagnir hafa borizt, og mæla báðir með samþykkt frv. Þá hefur nefndin á sama hátt athugað tvö önnur frv., um sölu Vindheima í Neskaupstað og sölu eyðijarðarinnar Eiríksstaða í Beruneshreppi. Frv. þessi voru send sömu aðilum til umsagnar, og hafa umsagnir borizt. Mæla þær með samþykkt þessara frv.

Jörðin Eiríksstaðir er húsalaus eyðijörð, og er farið fram á heimild til að selja hana tveimur tilteknum ábúendum næstliggjandi jarða, sem hafa mikla þörf fyrir að nytja jörðina. Fyrir liggur samþykki hreppsnefndar Beruneshrepps um söluna og meðmæli héraðsráðunauta.

Frv. um sölu Vindheima heimilar að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina. Í umsögn landnámsstjóra segir m. a.: „Hér er ekki lengur um lögbýlisjörð að ræða, og virðist það eðlileg ráðstöfun, að Neskaupstaður eignist landið, þar sem það verður á skipulögðu svæði kaupstaðarins.“

Stærð þess lands, er þarna um ræðir, er 3 ha. Landbúnaðarnefnd barst bréf frá bæjarfógeta Neskaupstaðar, þar sem hann sendir athugasemdir frá 3 mönnum, sem haft hafa land þetta á leigu. Þótt sala þessa lands verði nú heimiluð til bæjarsjóðs Neskaupstaðar, getur það ekki svipt aðra rétti, sem þeir kunna að hafa að öðrum lögum.

Að þessu athuguðu vill nefndin mæla með, að þær jarðasölur, sem heimildar er leitað fyrir í umræddum þremur frumvörpum, verði samþykktar. Hún flytur á sérstöku þingskjali brtt. við frv. á þskj. 321, þar sem efni tveggja annarra jarðasölufrv. er fellt inn í það.

Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Óskar E. Levy.
Ágúst Þorvaldsson,	Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.